



Borgarráð

***Svar við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um Nauthólsveg 100.***

Á fundi borgarráðs 14. maí lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

*„1. Hvert er fasteignamat Braggans í Nauthólsvík? 2. Hvert er verðmæti braggans/hvað er hann færður hátt í ársreikningum Reykjavíkurborgar 2019? 3. Hvað greiddi Háskólinn í Reykjavík í leigu vegna braggans 2019?“*

Svar:

Það er ánægjulegt hvað borgarfulltrúar hafa mikinn áhuga á ráðstöfun stríðsminja að Nauthólsvegi 100 og aðstöðu Háskóla Reykjavíkur í hluta af þessu húsnæði. Starfsemi þar er í blóma og eru borgarfulltrúar hvattir til að kynna sér það starf sem fer þar fram.

Lóðin Nauthólsvegur 100 er í dag 7 matshlutar í Þjóðskrá. Allir matshlutar eru færðir sem ein eign í reikningum Reykjavíkurborgar. Bókfært verð þann 31/12 2019 er kr. 408.263.879 og fasteignamat kr. 163.280.000.

Grunnstoð ehf, félag í eigu Háskóla Íslands er með hluta af fasteignum á leigu að Nauthólsvegi 100 samtals um 450 fermetra samkvæmt leigusamningi. Þar er til húsa nýsköpunarsetur, fjölnotasalur og veitingahús á vegum Háskólans í Reykjavík. Gunnstoð ehf. greiddi í leigu á árinu 2019 kr. 8.236.492. Ekki er um að ræða vanskil. Áður var búið að gera grein fyrir fyrirkomulagi og leigufjárhæð í borgarráði.

Óli Jón Hertervig